

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 42. gr. bætist:

Dómsmálaráðherra getur heimilað héraðsdómaraembættum að nota hljóðritun á dómþingum í stað bókana í þingbækur, sbr. 134. gr. Sé slíkt leyfi veitt skal fylgja héraðsdómaraembætti búnaður til hljóðritunar og vörslu hljóðritana. Dómsmálaráðherra ákveður gerð þessa búnaðar. Hljóðritanir skal varðveita í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls. Forstöðumanni héraðsdómaraembættis, dómsmálaráðherra og þjóðskjalaverði er heimilt að ákveða varðveislu um lengri tíma, ef hljóðritunin er talin hafa almennt heimildargildi, gildi í öðrum dómsmálum eða aðrar sérstakar ástæður koma til.

Dómsmálaráðherra skal setja reglur um búnað til hljóðritunar, framkvæmd hljóðritana, og vörslu þeirra svo og annað, er máli skiptir þar að lútandi.

Hæstiréttur getur ávallt krafist þess, að honum séu afhentar hljóðritanir í dómsmálum, sem til hans hefur verið skotið.

2. gr.

Við 44. gr. bætist:

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi, er ennfremur skylt gegn lögmaeltum ritlaunum að láta í té endurrit þess, sem hljóðritað hefur verið, ef þess er beiðst af aðilum, lögmonnum þeirra, þeim, er skýrslu gaf, sem endurrits er beiðst af, eða þeim, sem ríka hagsmuni hafa af því að fá slík endurrit. Endurritin skal gera svo fljótt sem við verður komið. Á sama tíma skal leyfa þeim, sem taldir voru, að hlýða á hljóðritun. Dómari ákveður stað og stund og eftirlit, meðan hlýtt er á hljóðritunina. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um gjöld fyrir slíka hlustun. Ritlauna og hlustunargjalds má krefjast fyrirfram með sama hætti og skv. 1. mgr. Að þeim tíma liðnum, sem greindur var, má láta í té staðfest endurrit og leyfa að hlýða á hljóðritanir, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gilda um það ofanskráðar reglur, eftir því sem við getur átt. Ágreining um það, er í þessari málsgrein segir, skal dómari úrskurða, ef krafist er, og má kæra úrskurðinn til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslu gegn andmæli um vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafns vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra framkvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu eða að loknum hlutum hennar getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið afritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 134. gr., sem verður 5. mgr. sömu gr., komi:

Ef dómari, aðilar eða lögmenn þeirra og vitni telja, að staðfesta megi þegar vitnaskýrslu, sem hljóðrituð hefur verið, má, þegar vitnið hefur hlýtt á skýrsluna, hljóðrita staðfestinguna. Ella fer staðfesting fram, þegar fyrir liggur endurrit eftir hljóðrituninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971, um utanríkisþjónustu Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og sendiræðisskrifstofa (aðalræðisskrifstofa) í New York.